STJÓRNARTÍÐINDI B 108 – 1997

Nr. 735 1644 16. desember 1997

REGLUGERÐ

um ungbarnablöndur og stoðblöndur.

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um ungbarnablöndur og stoðblöndur (svo sem þurrmjólk) fyrir heilsuhraust ungbörn og smábörn. Ákvæði hennar ná þó ekki til slíkra vara sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

Merking orða í reglugerð þessari eru sem hér segir:

Ungbörn eru börn yngri en 12 mánaða.

Smábörn eru börn á aldrinum eins til þriggja ára.

Ungbarnablanda er sérfæði sem fullnægir næringarþörf ungbarna fyrstu fjóra til sex mánuði ævinnar.

Stoðblanda er sérfæði sem er meginhluti af *fljótandi fæði* ungbarna eldri en fjögurra mánaða.

Ungbarnamjólk er ungbarnablanda sem eingöngu er framleidd úr kúamjólkurpróteinum.

Mjólkurstoðblanda er stoðblanda sem eingöngu er framleidd úr kúamjólkurpróteinum.

Sérfæði eru matvæli sem vegna tiltekinnar samsetningar eða framleiðsluaðferðar eru ætluð einstaklingum sem hafa sérstakar næringarfræðilegar þarfir. Það skal vera auðkennanlegt frá öðrum matvælum og uppfylla tiltekin næringarfræðileg skilyrði, sbr. reglugerð nr. 446/1994 um sérfæði.

Efnagildi próteina er lægsta hlutfall sem mælist milli magns lífsnauðsynlegrar amínósýru í því próteini sem mælt er og magns tilsvarandi amínósýru í viðmiðunarpróteini.

II. KAFLI
Samsetning.

3. gr.

Ungbarnablöndur og stoðblöndur skulu ekki innihalda nein efni í því magni að heilsu ungbarna geti stafað hætta af. Vörur þessar skulu framleiddar þannig að einungis þurfi að bæta í þær vatni fyrir neyslu.

4. gr.

Ungbarnablöndur og stoðblöndur er eingöngu heimilt að framleiða úr próteinum og öðrum innihaldsefnum sem viðurkennd eru, samkvæmt niðurstöðum vísindalegra rannsókna, sem sérfæði fyrir ungbörn og smábörn. Við framleiðsluna skal eingöngu nota þau orku- og bætiefni sem skilgreind eru í viðaukum 1-6 ásamt tilgreindum skilyrðum.

Gutenberg

III. KAFLI
Merking og markaðssetning.

5. gr.

Merking skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla, með síðari breytingum, og reglugerðar nr. 446/1994 um sérfæði og þær viðbætur sem um getur í þessari reglugerð. Ákvæði um merkingar samkvæmt þessari reglugerð gilda einnig um auglýsingar og kynningar á ungbarnablöndum og stoðblöndum.

6. gr.

Heiti þeirra vara sem hér um ræðir skal eftir því sem við á vera „ungbarnablanda" eða „stoðblanda" og merkjast á íslensku. Þegar um er að ræða vörur sem eingöngu eru framleiddar úr kúamjólk skal merkja þær sem „ungbarnamjólk" eða „mjólkurstoðblanda".

7. gr.

Ungbarnablöndur skulu merktar með eftirfarandi upplýsingum á íslensku:

1. Merkingin „Áríðandi" eða sambærilegt hugtak ásamt upplýsingum um ágæti brjóstagjafar. Merkingin skal vera greinileg og taka skal fram að leita beri ráðgjafar hjá fagfólki sem annast mæðra- og ungbarnavernd.
2. Yfirlýsingu þess efnis að varan sé ætluð sem sérfæði fyrir ungbörn sem ekki eru höfð á brjósti.
3. Nákvæmar leiðbeiningar um blöndun ásamt aðvörun um hættu samfara rangri blöndun.
4. Upplýsingar um að þegar ungbarnablöndur án viðbætts járns eru gefnar ungbörnum eldri en fjögurra mánaða er nauðsynlegt að fullnægja járnþörf þeirra með öðrum hætti.

8. gr.

Óheimilt er að gefa í skyn að ungbarnablöndur geti jafngilt móðurmjólk eða verið á nokkurn hátt betri. Einungis er heimilt að nota þær fullyrðingar sem uppfylla þau skilyrði sem fram koma í viðauka 7.

Við merkingu og markaðssetningu á ungbarnablöndum má ekki nota myndir af ungbörnum né nokkuð sem hvetur til notkunar á blöndunum. Hins vegar er leyfilegt að hafa skýringarmyndir er gefa til kynna um hvaða fæðutegund er að ræða og hvernig hún skuli meðhöndluð.

9. gr.

Stoðblöndur skulu merktar með eftirfarandi upplýsingum á íslensku:

1. Yfirlýsingu þess efnis að varan sé aðeins ætluð sem sérfæði fyrir ungbörn eldri en fjögurra mánaða og að hún komi ekki í stað móðurmjólkur fyrir ungbörn fyrstu fjóra mánuðina.
2. Nákvæmar leiðbeiningar um blöndun ásamt aðvörun um hættu samfara rangri blöndun.
3. Að stoðblandan sé eingöngu ætluð sem hluti af fjölbreyttu mataræði barnsins.

10. gr.

Við merkingu ungbarnablandna og stoðblandna skal tilgreina orkugildi vörunnar (kJ og kkal) og magn (g) próteina, fitu og kolvetna í 100 ml af blöndu tilbúinni til neyslu. Einnig skal magn þeirra steinefna og vítamína sem getið er um í viðaukum 1 og 2 koma fram og þar sem við á, magn kólíns, ínósítóls, karnitíns og táríns. Magn skal gefið upp í þyngdareiningum (g, mg, µg).

Auk þess er heimilt að fram komi magn þeirra bætiefna sem upp eru talin í viðauka 3 og ekki er gerð krafa um að merkja samkvæmt 1. mgr. Magn skal gefið upp í þyngdareiningum í 100 ml af blöndu tilbúinni til neyslu.

Einnig er heimilt að merkja umbúðir fyrir stoðblöndur með prósentuhlutfalli þeirra bætiefna sem fram koma í viðauka 8, reiknað út frá þeim viðmiðunargildum sem þar eru

tilgreind. Skilyrði fyrir slíka merkingu er að hlutfallið sé eigi lægra en 15% af viðmiðunargildinu í 100 ml af tilbúinni blöndu.

11. gr.

Einungis er heimilt að auglýsa ungbarnablöndur í sérritum um umönnun ungbarna og vísindaritum sem byggja á viðurkenndum rannsóknum.

Óheimilt er að auglýsa á sölustöðum, afhenda sýnishorn eða beita öðrum söluhvetjandi ráðum til að hafa áhrif á sölu ungbarnablandna í smásölu, t.d. með sérútstillingum, afsláttarmiðum, verðlaunum, söluherferðum, sölu undir kostnaðarverði eða sértilboðum. Þetta gildir einnig um hvers konar markaðssetningu beint eða óbeint í gegnum aðila innan heilsugæslunnar. Einnig er óheimilt að markaðssetja eða á nokkurn hátt gefa til kynna að önnur vara en ungbarnablanda geti ein og sér fullnægt næringarþörfum ungbarna fyrstu fjóra til sex mánuði ævinnar.

IV. KAFLI
Eftirlit og gildistaka.

12. gr.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að þær vörur sem um getur í 1. gr. séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og almenn ákvæði um hollustuhætti matvæla. Óheimilt er að dreifa vörum sem ekki uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

13. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

14. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka, XII. kafla, tilskipun 91/321/EBE um ungbarnablöndur og stoðblöndur og tilskipun 96/4/EB um breytingu á tilskipun 91/321.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir vörutegundir sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar og sem ekki eru í samræmi við ákvæði hennar, er veittur frestur til 1. janúar 1999 til að koma á nauðsynlegum breytingum. Hafi breytingar til samræmis við ákvæði reglugerðarinnar ekki verið gerðar að þeim tíma liðnum er sala vörunnar óheimil.

Umhverfisráðuneytinu, 16. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

VIÐAUKI I
Samsetning ungbarnablandna.

EFTIRFARANDI GILDI MIÐAST VIÐ BLÖNDUR TILBÚNAR TIL NEYSLU.

1. Orka

Lágmark	Hámark
250 kJ[1])/100 ml	315 kJ/100 ml
(60 kkal/100 ml)	(75 kkal/100 ml)

2. Prótein

Prótein = köfnunarefni x 6,38, fyrir kúamjólkurprótein.
Prótein = köfnunarefni x 6,25, fyrir hrein sojaprótein og prótein sem eru að hluta vatnsrofin.

2.1. *Blanda framleidd úr kúamjólkurpróteinum (ungbarnamjólk).*

Lágmark	Hámark
0,45 g/100 kJ	0,7 g/100 kJ
(1,8 g/100 kkal)	(3 g/100 kkal)

Miðað við sama orkugildi skal magn af lífsnauðsynlegum amínósýrum fyrir ungbörn vera álíka mikið og í viðmiðunarpróteininu, sbr. viðauka 4. Við útreikninga er heimilt að leggja saman magn meþíóníns og systíns.

2.2. *Blanda framleidd úr próteinum sem eru að hluta til vatnsrofin.*

Lágmark	Hámark
0,56 g/100 kJ	0,7 g/100 kJ
(2,25 g/100 kkal)	(3 g/100 kkal)

Miðað við sama orkugildi skal magn af lífsnauðsynlegum amínósýrum fyrir ungbörn vera álíka mikið og í viðmiðunarpróteininu, sbr. viðauka 4. Við útreikninga er heimilt að leggja saman magn meþíóníns og systíns.
Nýtnihlutfall (PER og NPU)[2]) skal að minnsta kosti jafngilda nýtnihlutfalli fyrir kasein.
Magn táríns skal ekki vera minna en 10 µmól/100 kJ (42 µmól/100 kkal).
Magn L-karnitíns skal ekki vera minna en 1,8 µmól/100 kJ (7,5 µmól/100 kkal).

2.3. *Blanda framleidd úr sojapróteinum eða blöndu af sojapróteinum og kúamjólkurpróteinum.*

Lágmark	Hámark
0,56 g/100 kJ	0,7 g/100 kJ
(2,25 g/100 kkal)	(3 g/100 kkal)

Einungis skal nota hrein sojaprótein við framleiðslu þessara blandna. Efnagildið skal jafngilda minnst 80% af efnagildi viðmiðunarpróteins, sbr. viðauka 5.
Miðað við sama orkugildi skal magn af meþíóníni vera álíka mikið og í viðmiðunarpróteininu, sbr. viðauka 4. Magn L-karnitíns skal ekki vera minna en 1,8 µmól/100 kJ (7,5 µmól/100 kkal).

Einungis er heimilt að bæta við amínósýrum í ungbarnablöndur í þeim tilgangi að auka næringargildi próteinanna og þá aðeins í því magni sem nauðsynlegt er.

---

[1]) 1 kJ = 0,239 kkal.
[2]) Protein efficiency ratio (PER) og net protein utilization (NPU).

3. Fita

Lágmark	Hámark
1,05 g/100 kJ	1,5 g/100 kJ
(4,4 g/100 kkal)	(6,5 g/100 kkal)

3.1. Óheimilt er að nota sesamolíu og baðmullarfræsolíu.

3.2 *Viðmiðunargildi fyrir fitusýrur.*

	Lágmark	Hámark
Lársýra	---	15% af heildarmagni fitu
Mýristiksýra	---	15% af heildarmagni fitu
Línólsýra *	70 mg/100 kJ (300 mg/100 kkal)	285 mg/100 kJ (1200 mg/100 kkal)
Alfa-línólensýra	12 mg/100 kJ (50 mg/100 kkal)	---

* Á formi glýseríða.

3.3. Hlutfall línólsýru og alfa-línólensýru skal ekki vera minna en 5 og ekki meira en 15.

3.4. Hlutfall trans-fitusýra skal ekki vera meira en 4% af heildarmagni fitu.

3.5. Hlutfall erukasýru skal ekki vera meira en 1% af heildarmagni fitu.

3.6. Heimilt er að bæta í ungbarnablöndur löngum fjölómettuðum fitusýrum (20 til 22 kolvetni).
Í þeim tilvikum skal magn þeirra ekki vera meira en:
- 1% af heildarmagni fitu fyrir n-3 fjölómettaðar fitusýrur.
- 2% af heildarmagni fitu fyrir n-6 fjölómettaðar fitusýrur (1% af heildarfitu fyrir arakídónsýru).

Magn EPA (eicosapentaenoic acid; 20:5, n-3) skal ekki vera meira en DHA (docosahexaenoic acid; 22:6, n-3).

4. Kolvetni

Lágmark	Hámark
1,7 g/100 kJ	3,4 g/100 kJ
(7 g/100 kkal)	(14 g/100 kkal)

4.1. Einungis er heimilt að nota eftirtalin kolvetni:
- laktósa
- maltósa
- súkrósa
- maltódextrín
- glúkósasíróp eða þurrkað glúkósasíróp
- forsoðna sterkju (án glútens)
- hleypta sterkju (án glútens).

4.2. *Viðmiðunargildi fyrir kolvetni.*

	Lágmark	Hámark
Laktósi*	0,85 g/100 kJ	---
	(3,5 g/100 kkal)	---
Súkrósi	---	20% af heildarmagni kolvetna
Forsoðin sterkja og/eða hleypt sterkja	---	2 g/100 ml og 30% af heildarmagni kolvetna

* Gildir ekki um blöndur þar sem sojaprótein eru yfir 50% af heildarmagni próteina.

5. Steinefni

5.1. *Blanda framleidd úr kúamjólkurpróteinum (ungbarnamjólk).*

	Í 100 kJ		Í 100 kkal	
	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark
Natríum (mg)	5	14	20	60
Kalíum (mg)	15	35	60	145
Klóríð (mg)	12	29	50	125
Kalsíum (mg)[1)]	12	--	50	--
Fosfór (mg)[1)]	6	22	25	90
Magníum (mg)	1,2	3,6	5	15
Járn (mg)[2)]	0,12	0,36	0,5	1,5
Sink (mg)	0,12	0,36	0,5	1,5
Kopar (µg)	4,8	19	20	80
Joð (µg)	1,2	--	5	--
Selen (µg)[3)]	--	0,7	--	3

1) Hlutfall kalsíums og fosfórs skal vera lægst 1,2 og hæst 2,0.
2) Mörkin gilda um blöndur með viðbættu járni.
3) Mörkin gilda um blöndur með viðbættu seleni.

5.1. *Blanda framleidd úr sojapróteinum eða blöndu af sojapróteinum og kúamjólkurpróteinum.*

Sjá lið 5.1. að undanskildu járni og sinki.

	Í 100 kJ		Í 100 kkal	
	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark
Járn (mg)	0,25	0,5	1,0	2,0
Sink (mg)	0,18	0,6	0,75	2,4

6. Vítamín

	Í 100 kJ		Í 100 kkal	
	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark
A-vítamín (µg-RJ)[1]	14	43	60	180
D-vítamín (µg)[2]	0,25	0,65	1	2,5
Þíamín (µg)	10	--	40	---
Ríbóflavín (µg)	14	--	60	--
Níasín (mg-NJ)[3]	0,2	--	0,8	--
Pantóþensýra (µg)	70	--	300	--
B_6-vítamín (µg)	9	--	35	---
Bíótín (µg)	0,4	--	1,5	--
Fólasín (µg)	1	--	4	--
B_{12}-vítamín (µg)	0,025	--	0,1	--
C-vítamín (mg)	1,9	--	8	--
K-vítamín (µg)	1	--	4	--
E-vítamín (mg α-TJ)[4]	0,1[5]	--	0,5[5]	---

1) A-vítamín gefið upp sem retinól jafngildi. RJ = 3,33 alþjóðaeiningar (a.e.).
2) D-vítamín gefið upp sem kólekalsíferól. 10 µg = 400 a.e.
3) Níasín gefið upp sem níasín jafngildi. NJ = 1 mg níkótínsýra + 1 mg tryptofan/60.
4) E-vítamín gefið upp sem α-tókóferól jafngildi. α-TJ = 1 mg d-α-tókóferól.
5) Þó aldrei lægra en 0,5 mg α-TJ/g af fjölómettuðum fitusýrum, reiknað sem línólsýra.

7. Núkleótíð

	Hámark*	
	(mg/100 kJ)	(mg/100 kkal)
Cytidín 5´-mónófosfat	0,60	2,50
Uridín 5´-mónófosfat	0,42	1,75
Adenósín 5´-mónófosfat	0,36	1,50
Guanósín 5´-mónófosfat	0,12	0,50
Inósín 5´-mónófosfat	0,24	1,00

* Heildarmagn núkleótíða skal ekki vera meira en 1,2 mg/100 kJ (5 mg/100 kkal).

VIÐAUKI II
Samsetning stoðblandna.

EFTIRFARANDI GILDI MIÐAST VIÐ BLÖNDUR TILBÚNAR TIL NEYSLU.

1. Orka

Lágmark	Hámark
250 kJ/100 ml	335 kJ/100 ml
(60 kkal/100 ml)	(80 kkal/100 ml)

2. Prótein

Prótein = köfnunarefni x 6,38, fyrir kúamjólkurprótein.
Prótein = köfnunarefni x 6,25, fyrir hrein sojaprótein.

Lágmark	Hámark
0,5 g/100 kJ	1 g/100 kJ
(2,25 g/100 kkal)	(4,5 g/100 kkal)

Efnagildi próteinanna skal jafngilda minnst 80% af efnagildi viðmiðunarpróteins (kasein eða brjóstamjólkurprótein, sbr. viðauka 5).
Í blöndur sem framleiddar eru úr sojapróteinum eða blöndum af sojapróteinum og kúamjólkurpróteinum má eingöngu nota hrein sojaprótein.
Einungis er heimilt að bæta við amínósýrum í þeim tilgangi að auka næringargildi próteinanna og þá aðeins í því magni sem nauðsynlegt er. Fyrir sama orkugildi skal blandan innihalda álíka mikið magn af meþíóníni og móðurmjólkurprótein, sbr. viðauka IV.

3. Fita

Lágmark	Hámark
0,8 g/100 kJ	1,5 g/100 kJ
(3,3 g/100 kkal)	(6,5 g/100 kkal)

3.1. Óheimilt er að nota sesamolíu og baðmullarfræsolíu.

3.2. *Viðmiðunargildi fyrir fitusýrur.*

	Lágmark	Hámark
Lársýra	---	15% af heildarmagni fitu
Mýristiksýra	---	15% af heildarmagni fitu
Línólsýra*	70 mg/100 kJ (300 mg/100 kkal)	---

* Á formi glýseríða, gildir fyrir stoðblöndur sem innihalda jurtaolíur.

3.3. Magn trans-fitusýra skal ekki vera meira en 4% af heildarmagni fitu.

3.4. Magn erukasýru skal ekki vera meira en 1% af heildarmagni fitu.

4. Kolvetni

Lágmark	Hámark
1,7 g/100 kJ	3,4 g/100 kJ
(7 g/100 kkal)	(14 g/100 kkal)

4.1. Við framleiðslu er óheimilt að nota efni sem innihalda glúten.

4.2. *Laktósi.*
Lágmark 0,45 g/100 kJ (1,8 g/100 kkal).

Gildir ekki um blöndur þar sem sojaprótein eru yfir 50% af heildarmagni próteina.

4.3. *Súkrósi, frúktósi, hunang.*
Hámark 20% af heildarmagni kolvetna, fyrir hvern þátt eða blöndu þeirra.

5. Steinefni

5.1. *Viðmiðunargildi fyrir járn og joð.*

	Í 100 kJ		Í 100 kkal	
	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark
Járn (mg)	0,25	0,5	1	2
Joð (µg)	1,2	--	5	--

5.2. *Sink.*

5.2.1. Blanda sem einungis er framleidd úr kúamjólk.
Lágmark 0,12 mg/100 kJ (0,5 mg/100 kkal).

5.2.2. Stoðblanda sem inniheldur sojaprótein eða blöndu af sojapróteinum og kúamjólkurpróteinum.
Lágmark 0,18 mg/100 kJ (0,75 mg/100 kkal).

5.3. *Önnur steinefni.*
Magnið skal samsvara því sem er í kúamjólk, sbr. viðauka 6, en þar sem við á skal magn steinefna lækkað til samræmis við hlutfall milli magns próteina í blöndunni og próteina í kúamjólk.

5.4. Hlutfall kalsíums og fosfórs skal ekki vera hærra en 2,0.

6. Vítamín

	Í 100 kJ		Í 100 kkal	
	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark
A-vítamín (µg-RJ)[1]	14	43	60	180
D-vítamín (µg)[2]	0,25	0,75	1	3
C-vítamín (mg)	1,9	--	8	--
E-vítamín (mg α-TJ)[3]	0,1[4]		0,5[4]	

1) A-vítamín gefið upp sem retinól jafngildi. RJ = 3,33 alþjóðaeiningar (a.e.).
2) D-vítamín gefið upp sem kólekalsíferól. 10 µg = 400 a.e.
3) E-vítamín gefið upp sem α-tókóferól jafngildi. α-TJ = 1 mg d-α-tókóferól.
4) Þó aldrei lægra en 0,5 mg α-TJ /g af fjölómettuðum fitusýrum, reiknað sem línólsýra).

7. Núkleótíð

Hámark*	(mg/100 kJ)	(mg/100 kkal)
Cytidín 5´-mónófosfat	0,6	2,5
Uridín 5´-mónófosfat	0,42	1,75
Adenósín 5´-mónófosfat	0,36	1,5
Guanósín 5´-mónófosfat	0,12	0,5
Inósín 5´-mónófosfat	0,24	1,0

* Heildarmagn núkleótíða skal ekki vera meira en 1,2 mg/100 kJ (5 mg/100 kkal).

VIÐAUKI III
Bætiefni sem heimilt er að nota við framleiðslu á ungbarnablöndum og stoðblöndum.

Nánari skilyrði geta komið fram í viðaukum 1 og 2.

Vítamín

Vítamín	Efnaform
A-vítamín	Retinýlasetat
	Retinýlpalmítat
	Beta-karótín
	Retinól
D-vítamín	D_2-vítamín (ergókalsíferól)
	D_3-vítamín (kólekalsíferól)
B_1-vítamín	Þíamínhýdróklóríð
	Þíamínmónónítrat
B_2-vítamín	Ríbóflavín
	Natríumríbóflavín-5´-fosfat
Níasín	Nikótínamíð
	Nikótínsýra
B_6-vítamín	Pyridoxínhýdróklóríð
	Pyridoxín-5´-fosfat
Fólat	Fólasín
Pantóþensýra	Kalsíum-D-pantóþenat
	Natríum-D-pantóþenat
	Dexpantenól
B_{12}-vítamín	Sýanókóbalamín
	Hýdroxókóbalamín
Bíótín	D-bíótín
C-vítamín	L-askorbínsýra
	Natríum-L-askorbat
	Kalsíum-L-askorbat
	6-palmítýl-L-askorbínsýra (askorbýlpalmítat)
	Kalíumaskorbat
E-vítamín	D-alfa-tókóferól
	DL-alfa-tókóferól
	D-alfa-tókóferýlasetat
	DL-alfa-tókóferýlasetat
K-vítamín	Fýllókínón (Fýtómenadíón)

Steinefni

Steinefni	*Efnaform*
Kalsíum (Ca)	Kalsíumkarbónat
	Kalsíumklóríð
	Kalsíumsítröt
	Kalsíumglúkónat
	Kalsíumglýserófosfat
	Kalsíumlaktat
	Kalsíumsölt af ortó-fosfórsýru
	Kalsíumhýdroxíð
Magnesíum (Mg)	Magnesíumkarbónat
	Magnesíumklóríð
	Magnesíumoxíð
	Magnesíumsölt af ortó-fosfórsýru
	Magnesíumsúlfat
	Magnesíumglúkónat
	Magnesíumhýdroxíð
	Magnesíumsítröt
Járn (Fe)	Ferrósítrat
	Ferróglúkónat
	Ferrólaktat
	Ferrósúlfat
	Ferríammóníumsítrat
	Ferrófúmarat
	Ferrídífosfat (Ferrípýrófosfat)
Kopar (Cu)	Koparsítrat
	Koparglúkónat
	Koparsúlfat
	Koparlýsín-komplex
	Koparkarbónat
Joð (I)	Kalíumjoðíð
	Natríumjoðíð
	Kalíumjoðat
Sink (Zn)	Sinkasetat
	Sinkklóríð
	Sinklaktat
	Sinksúlfat
	Sinksítrat
	Sinkglúkónat
	Sinkoxíð
Mangan (Mn)	Mangankarbónat
	Manganklóríð
	Mangansítrat
	Mangansúlfat
	Manganglúkónat
Natríum (Na)	Natríumbíkarbónat
	Natríumklóríð
	Natríumsítrat
	Natríumglúkónat
	Natríumkarbónat
	Natríumlaktat
	Natríumsölt ortó-fosfórsýru
	Natríumhýdroxíð
Kalíum (K)	Kalíumbíkarbónat
	Kalíumkarbónat
	Kalíumklóríð
	Kalíumsítröt
	Kalíumglúkónat
	Kalíumlaktat
	Kalíumsölt ortó-fosfórsýru
	Kalíumhýdroxíð
Selen (Se)	Natríum selenat
	Natríum selenít

3. Amínósýrur og önnur köfnunarefnissambönd

L-arginín og hýdróklóríð þess
L-systín og hýdróklóríð þess
L-histidín og hýdróklóríð þess
L-ísóleusín og hýdróklóríð þess
L-leusín og hýdróklóríð þess
L-systín og hýdróklóríð þess
L-meþíónín
L-fenýlalanín
L-þreónín
L-trýptófan
L-týrósín
L-valín
L-karnitín og hýdróklóríð þess
Tárín
Cytidín 5´-mónófosfat og natríum salt þess
Uridín 5´-mónófosfat og natríum salt þess
Adenósín 5´-mónófosfat og natríum salt þess
Guanósín 5´-mónófosfat og natríum salt þess
Inósín 5´-mónófosfat og natríum salt þess.

4. Önnur efni

Kólín
Kólínklóríð
Kólínsítrat
Kólínbítartrat
Ínósítól

VIÐAUKI IV
Viðmiðunargildi fyrir lífsnauðsynlegar amínósýrur fyrir ungbörn í móðurmjólk.

	mg/100 kJ	mg/100 kkal
Arginín	16	69
Systín	6	24
Histidín	11	45
Ísóleusín	17	72
Leusín	37	156
Lýsín	29	122
Meþíónín	7	29
Fenýlalanín	15	62
Þreónín	19	80
Tryptófan	7	30
Týrósín	14	59
Valín	19	80

VIÐAUKI V
Viðmiðunargildi fyrir amínósýrusamsetningu kaseins og móðurmjólkurpróteins.

	Kasein (g/100 g)	Móðurmjólk (g/100 g)
Arginín	3,7	3,8
Systín	0,3	1,3
Histidín	2,9	2,5
Ísóleusín	5,4	4,0
Leusín	9,5	8,5
Lýsín	8,1	6,7
Meþíónín	2,8	1,6
Fenýlalanín	5,2	3,4
Þreónín	4,7	4,4
Trýptófan	1,6	1,7
Týrósín	5,8	3,2
Valín	6,7	4,5

VIÐAUKI VI
Viðmiðunargildi fyrir steinefni í kúamjólk.

	Í 100 g af fitulausu þurrefni	Í 1 g af próteinum
Natríum (mg)	550	15
Kalíum (mg)	1680	43
Klóríð (mg)	1050	28
Kalsíum (mg)	1350	35
Fosfór (mg)	1070	28
Magníum (mg)	135	3,5
Kopar (µg)	225	6
Joð	*	*

* Háð náttúrulegum sveiflum.

VIÐAUKI VII
Næringarfræðilegar fullyrðingar fyrir ungbarnablöndur.

Fullyrðingar	Skilyrði
Meðhöndluð prótein	Próteininnihald er lægra en 0,6 g/100 kJ (2,5 g/100 kkal) og hlutfallið mysuprótein/kasein ekki minna en 1,0.
Lítið natríum	Natríuminnihald er lægra en 9 mg/100 kJ (39 mg/100 kkal).
Án súkrósa	Inniheldur engan súkrósa.
Eingöngu laktósi	Inniheldur engin kolvetni önnur en mjólkursykur (laktósa).
Án laktósa	Inniheldur engan mjólkursykur (laktósa).
Járnbætt	Inniheldur viðbætt járn.
Minni hætta á ofnæmi fyrir mjólkurpróteinum. Heimilt er að nota hugtök sem vísa til skertra mótefnisvaka eiginleika ofnæmisvaldsins.	–Blandan skal uppfylla þær kröfur sem fram koma í viðauka 1, tl. 2.2. Hlutfall próteina sem valda ónæmissvörun í líkamanum mælt með viðurkenndum aðferðum, skal vera innan við 1% af öllum efnum í blöndunni sem innihalda köfnunarefni. –Á umbúðum skal koma fram að blandan sé ekki ætluð ungbörnum sem hafa ofnæmi fyrir þeim próteinum sem hún er unnin úr, nema viðurkenndar ofnæmisprófanir sýni að yfir 90% barna (95% vikmörk) með ofnæmi fyrir próteinunum sýni engin ofnæmisviðbrögð við neyslu blöndunnar. –Í rannsóknum á dýrum á inntaka blöndunnar ekki að valda aukinni næmni fyrir próteinum sem hún er unnin úr. –Hlutlæg og vísindalega staðfest gögn sem styðja fullyrðinguna skulu liggja fyrir og vera aðgengileg.

VIÐAUKI VIII

Vítamín og steinefni sem heimilt er að tilgreina fyrir stoðblöndur og viðmiðunargildi þeirra (RDS)*.

Næringarefni		Viðmiðunargildi
A-vítamín	(µg)	400
D-vítamín	(µg)	10
C-vítamín	(mg)	25
Þíamín	(mg)	0,5
Ríbóflavín	(mg)	0,8
Níacín jafngildi	(mg)	9
B_6-vítamín	(mg)	0,7
Fólínsýra	(µg)	100
B_{12}-vítamín	(µg)	0,7
Kalsíum	(mg)	400
Járn	(mg)	6
Sínk	(mg)	4
Joð	(µg)	70
Selen	(µg)	10
Kopar	(mg)	0,4

* RDS-gildi sem hér koma fram eru viðmiðunargildi til notkunar við umbúðamerkingar og geta sem slík verið frábrugðin ráðlögðum dagskömmtum gefnum út af Manneldisráði Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Nr. 736 16. desember 1997

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Rangárvallahreppi fyrir árið 1998.

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárvallahreppi, sbr. samþykkt nr. 344/1987 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 1998, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

	kr.
a) Íbúðir í þéttbýli m.v. 1 poka á viku	7.298
b) Íbúðir í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki	3.649
c) Sumarhús.....	3.649
d) Fyrirtæki (þar sem pokahirða er) m.v. 1 poka á viku	7.298
e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald (aðgang að urðunarstað).....	27.309
(annast sjálf leigu gáma og flutning á urðunarstað)	
Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.	

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til þess að gilda fyrir árið 1998.

Umhverfisráðuneytinu, 16. desember 1997.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.